

Mánudaginn 7. nóvember 1977.

Nr. 195/1977. **Ákærvaldið**

gegn

**Jóni Ómari Sigfússyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. f. m., sem barst Hæstarétti 31. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

### **D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### **Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. október 1977.**

Ár 1977, laugardaginn 29. október var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá uppkveðinn úrskurður þessi.

#### **Málsatvik.**

Um kl. 1800 í gær handtóku lögreglumenn við komu til Keflavíkurflugvallar frá Luxemburg Jón Ómar Sigfússon sundlaugarvörð. Við líkamsleit fundust á nefndum Jóni, falin innan klæða, 113.7 gr af meintum hassefnum. Jón Ómar var yfirheyrður hér í dómi fyrir stundu og kvaðst þá sl. miðvikudag hafa haldið flugleiðis til Luxemburg, en neitaði að tilgreina erindi, hverja hann hitti ytra eða hvar hann þá dvaldist. Jón kvaðst hafa haldið utan með jafnvirði 38.000 ísl. kr. í belg. frönkum, kr. 50.000 í íslenskum peningum og jafnvirði 20.000 ísl. kr. í bandarískum dölum. Sl. fimmtudagskvöld kvaðst Jón Ómar af sér ókunnum aðilja í

Luxemburg hafa keypt hassefni fyrir 9.500 belg. franka, eða um 58.000 ísl. kr. af ofangreindu fé, og talið efnismagnið vera 100 gr og ætlað til eigin nota. Af flugfarmiða Jóns Ómars verður ráðið, og hann staðfesti að hafa haldið utan með eina tösku, 6 kg. að þyngd, en komið aftur hingað til lands skráður fyrir 4 töskum, samtals 34 kg. að þyngd. Við handtöku hafði Jón Ómar meðferðis eina tösku. Hann bar hér fyrir dómi, að hinar töskurnar 3 hefðu verið á vegum 11 ára pílts, er Jón Ómar hafi verið beðinn að líta til með í flugvél á leið hingað til lands.

Dómari hefur kynnt sér þær eftirgrennslanir lögreglu, að 11 ára sonur Kjartans Kjartansson fangavarðar hafi komið hingað til lands með nefndri flugvél, og eru lögreglumenn nú ásamt nefndum Kjartani Kjartanssyni að ræða við pilt og kanna farangur. Dómari hefur og kynnt sér lögregluyfirheyrslu yfir eigin konu Jóns Ómars Sigfússonar. Lýsti hún þar sem mjög báguum fjárhag þeirra hjóna, kvaðst hafa vitað um ætlaða utanför Jóns Ómars, en ekki annað erindi hans en að kaupa nokkrar hljómplötur.

Verið er að rannsaka ætlað brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, og þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds. Guðmundur Gígja, yfirmaður lögregludeildar fíkniefnarannsóknna, hefur borið fram kröfu um gæsluvarðhaldsúrskurð og talið brýna nauðsyn til bera í þágu rannsóknar.

Með vísan til ofanritaðs og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að úrskurða Jón Ómar Sigfússon sundlaugarvörð, fæddan 23. mars 1950, til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Jón Ómar Sigfússon, fæddur 23. mars 1950, til heimilis að Nökkvavogi 35, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.